



HEILSUBÆRINN
Hafnarfjörður

Úttekt á jafnréttismálum innan íþróttafélaga
Hafnarfjarðar

Unnið af Íþróttá- og tómstundanevnd
Hafnarfjarðar apríl 2018

Inngangur

Á fundi Íþróttá- og tómstundaneftndar þann 10. nóvember 2016 var samþykkt að gerð yrði úttekt hjá íþróttafélögum í Hafnarfirði varðandi mun á þjónustu milli kynja. Ákveðið var að skoða stöðu mála hjá FH, Haukum, Björkunum, SH og BH og hjá flestum deildum þessara félaga. Félögin fengu spurningalista og voru beðin um að svara honum og skila inn til íþróttafulltrúa innan ákveðins tíma. Spurningalistinn sem stuðst er við er svipaður þeim sem mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar notaði við úttekt á stöðunni í Reykjavík, en stjórnir íþróttafélaga svöruðu þeim lista. Einnig verður gerð skoðun á heimasíðum þessara félaga, skoðuð verða kyngreinanleg gögn varðandi þátttöku sem aðgengileg eru í gegnum skráningar og greiðslukerfin og æfingatöflur verða skoðaðar. Markmið með þessari úttekt er að skoða hvernig jafnréttismálum er háttað í Hafnarfirði.

Sendir voru spurningalistar á eftirfarandi félög og deildir í Hafnarfirði og fengust svör frá þeim öllum. Í viðhengi með skýrslunni fylgir skjalið sem inniheldur bæði kynninguna og spurningarlistann sem var sendur til íþróttafélaganna/deildanna.

Handknattleiksdeild Hauka

Körfuknattsdeild Hauka

Knattspyrnudeild Hauka

Björk (klifurdeild)

Björk (aðalstjórn)

Badmintonfélag Hafnarfjarðar

Sundfélag Hafnarfjarðar

Frjálsíþróttadeild FH

Handknattleiksdeild FH

Knattspyrnudeild FH

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1. Jafnréttisstefnur íþróttafélaga Hafnarfjarðar	5
1.1 Handknattleiksdeild Hauka	8
1.2 Körfuknattsdeild Hauka	9
1.3 Knattspyrnudeild Hauka.....	9
1.4 Björk (aðalstjórn)	10
1.5 Klifurdeild Bjarkar	10
1.6 Badmintonfélag Hafnarfjarðar	11
1.7 Sundfélag Hafnarfjarðar (SH)	11
1.8 Frjálsíþróttadeild FH.....	11
1.9 Handknattleiksdeild FH	12
1.10 Knattspyrnudeild FH	12
1.11 Samantekt	13
2. Kynjahlutföll í stjórnnum félaga & iðkenda árið 2017	15
2.1 Haukar	15
2.2 Björk	16
2.3 Badmintonfélag Hafnarfjarðar	17
2.4 Sundfélag Hafnarfjarðar	18
2.5 Fimleikafélag Hafnarfjarðar	19
2.6 Umræða	20
3. Laun, fræðsla og kynningar	21
3.1 Handknattleiksdeild Hauka	22
3.2 Körfuknattleiksdeild Hauka	22
3.3 Knattspyrnudeild Hauka.....	23

3.4 Björk (klifurdeild)	23
3.5 Fimleikafélagið Björk (aðalstjórn)	24
3.6 Badmintonfélag Hafnarfjarðar	24
3.7 Sundfélag Hafnarfjarðar	25
3.8 FH (frjálsíþróttadeild)	26
3.9 Handknattleiksdeild FH	26
3.10 Knattspyrnudeild FH	27
3.11 Samantekt	27
4. Verðlaun, hlunnindi og tímaúthlutun	28
4.1 Tímaúthlutun	29
4.2 Samantekt	30
Niðurstöður	31
Heimildarskrá	33
Viðhengi 1	34

1. Jafnréttisstefnur íþróttafélaga Hafnarfjarðar

Íþróttafélögin voru spurð hvort að jafnréttisstefna hefði verið innleidd hjá félaginu. Flest félög og deildir sem að styðjast við jafnréttisstefnur nota jafnréttisstefnu ÍBH. Jafnréttisstefna ÍBH fjallar um markmið og leiðir til að ná jafnrétti.

Jafnréttisstefna ÍBH

Markmið

1. Börn og unglingar í Hafnarfirði eiga jafnan rétt og möguleika til að stunda íþróttir með íþróttafélagi í Hafnarfirði.
2. Piltar og stúlkur hafa jafna möguleika til að stunda allar íþróttagreinar sem boðið er uppá í íþróttafélögum.
3. Íþróttafélög gera sömu hæfniskröfur til þjálfara pilta og stúlkna.
4. Íþróttafélög hvetja jafnt pilta sem stúlkur til afreka í sinni íþróttagrein.
5. Íþróttafélög sjá til þess að aðstaða og möguleikar beggja kynja til afreka sé jöfn.
6. Leitast er við að kynjahlutföll séu sem jöfnust í stjórnnum félaga og deilda svo og öðrum trúnaðarstörfum innan íþróttafélaga.

Leiðir

1. Leiðir að jafnri aðstöðu allra barna og unglinga að íþróttum eru m.a.:
 - a. Reglur Hafnarfjarðarbæjar um niðurgreiðslur æfingagjalda barna 16 ára og yngri.
 - b. Samningur ÍBH, Alcan og Hafnarfjarðarbæjar um styrk til iðkenda yngri en 16 ára.
 - c. Þverfagleg samvinna ÍBH við skóla í Hafnarfirði, félagsmiðstöðvar, heilsdagsskóla, tólmstundafélög, forráðamenn og Íþrótt- og tólmstundanefnd Hafnarfjarðar.
 - d. Næg aðstaða og æfingatímar séu í boði í íþróttamannvirkjum í Hafnarfirði.
2. Leiðir að jöfnum möguleikum pilta og stúlkna í öllum íþróttagreinum eru m.a.:
 - a. Framboð íþróttagreina sé til jafns fyrir bæði kynin.
 - b. Jafnræðis milli pilta og stúlkna sé gætt við úthlutun æfingatíma í íþróttamannvirkjum.

Einnig svöruðu nokkur félög að þau studdust við leiðarvísi ÍSÍ að mótun jafnréttisstefnu. Á vef Íþrótt- og ólympíusamband Íslands (e.d.) segir:

Innan íþróttafélags/deildar er mikilvægt að jafnréttis í sem víðustum skilningi sé gætt og að íþróttafélagið mismuni ekki vegna kynferðis, uppruna, kynhneigðar, kynvitundar, aldurs, fötlunar, þjóðernis, trúarbragða, skoðana, litarháttar eða annarrar stöðu.

Útbúinn hefur verið leiðarvísir sem hugsaður er sem leiðbeinandi verkfæri fyrir íþróttafélög/deildir þegar setja á fram jafnréttisstefnu. Íþróttafélögin og deildirnar í landinu eru ólíkar og því er ekki ólíklegt að einhver atriði í gátlista leiðarvísisins eigi ekki við í einhverjum tilvikum.

Íþróttafélögum er heimilt að gera þessar reglur að sínum, breyta þeim og aðlaga eins og gagnast þeim best. Hugsunin með framsetningu þessara reglna er fyrst og fremst sú að færa íþróttafélaginu einhvers konar tæki sem það getur nýtt sér í starfinu.

Leiðarvísir að mótun jafnréttisstefnu:

Styrkja skal jákvæð samskipti og gagnkvæma virðingu kynjanna í öllu íþróttastarfi með börnum og unglingum og hvetja þau til að rækta hæfileika sína og persónuþroska án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynjaímynda. Íþróttafélagið stuðlar að jöfnum tækifærum sinna félagsmanna og mismunar ekki vegna kynferðis, uppruna, kynhneigðar, kynvitundar, aldurs, fötlunar, þjóðernis, trúarbragða, skoðana, litarháttar eða annarrar stöðu. Íþróttafélagið leggur áherslu á gagnkvæma virðingu í öllu starfi. Niðurlægjandi framkoma svo sem einelti, ofbeldi, kynferðisleg áreitni, illt umtal og ósæmilegar vígsluathafnir er ekki liðin innan félagsins. Í 23. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 kemur fram að kynjasambættingar skuli gætt við alla stefnumótun þar á meðal í íþrótt- og tómsundastarfi. Íþróttafélagið vinnur jafnréttisstefnu og fylgir henni eftir og nær jafnréttisstefnan til iðkenda, þjálfara, stjórna og starfsfólks. Stefnan gildir í allri starfsemi félagsins. Stefnan er endurskoðuð og lagfærð ef þurfa þykir.

Iðkendur:

Íþróttir skipa stóran sess í uppveksti margra barna. Íþróttir stuðla að sterkri sjálfsmynd einstaklingsins, heilbrigðum lífsstíl og almennri vellíðan. Í íþróttum setja iðkendur sér markmið og fylgja þeim eftir með góðri skipulagningu og leiðsögn. Með íþróttþjálfun byggjum við upp öfluga einstaklinga sem fara af stað út í lífið með gott veganesti sem stuðlar að hreysti og heilbrigði.

- (heiti félags) úthlutar jafn mörgum tímum til æfinga til beggja kynja sem stunda æfingar innan sömu greinar og eru á sama aldri.
- Félagið úthlutar tíma í samræmi við aldur iðkenda og þess gætt að bæði kyn njóti þess að vera á „jafngóðum“ tíma dagsins.
- Bæði kynin njóta sömu eða sambærilegrar aðstöðu og aðbúnaðar við æfingar.
- Samræmi er í fjárveitingum innan félagsins til íþróttagreina eftir kynjum. Málefnaleg rök eru fyrir frávikum og þau heyra til undantekninga.
- Þess er gætt að umfjöllun um bæði kynin og íþróttagreinar sé sem jöfnust á vefsíðum félagsins og í öllu efni sem félagið lætur frá sér fara t.d. útgáfu og fréttatilkynningum. Á þetta bæði við um texta og myndefni.

- Fyrirmyndir eru kynntar á ígrundaðan hátt og þess gætt að þær séu af báðum kynjum og endurspegli þær áherslur sem eru hjá félaginu.
- Félagið vinnur markvisst gegn staðalímyndum með því að leitast við að jafna kynjahlutföll meðal iðkenda hvernar íþróttagreinir fyrir sig. Á þetta við jafnt í starfi sem og allri umfjöllun um starfið.
- Verðlaun til beggja kynja og innan allra greina eru sambærileg. Félagið upplýsir kostunaraðila og aðra samstarfsaðila um þá stefnu félagsins að jafnræðis skuli gætt milli kynja og greina í verðlaunum.
- Kynin njóta sömu launa og/eða hlunninda fyrir sömu eða sambærileg störf hjá félaginu.
- Við úthlutun úr afrekssjóðum eru upphæðir/úthlutun eftir kynjum og aldri sem jöfnust hjá félaginu.

Þjálfarar

Allir iðkendur, óháð kyni, eiga rétt á góðum þjálfara sem hæfir getu þeirra og aldri. Nauðsynlegt er að þjálfarar beggja kynja séu vel menntaðir og hafi möguleika á að fá hæfa aðstoðarþjálfara sé þess þörf.

- Þjálfarar félagsins njóta sömu launa, óháð kyni, fyrir sömu eða sambærileg störf.
- Þjálfarar félagsins hafa sömu tækifæri, óháð kyni, til að afla sér þekkingar, símenntunar og stunda nám sem nýtist í starfi.

Stjórnir, ráð og nefndir

- Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum félagsins er þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og endurspegli hlutfall iðkenda í viðkomandi íþróttagrein
- Á opinberum samkomum, í fjölmiðlum og annars staðar er þess gætt að bæði konur og karlar komi fram fyrir hönd félagsins.

Einng er minnst á aðferð sem nefnist „sambætting jafnréttismála“ (Íþrótt- og ólympíusamband Íslands, e.d.). Hana er t.d. að finna á vefsíðu Knattspyrnufélag Hauka (e.d.). Þar segir:

Árangursrík aðferð til að koma á jafnrétti kynja er að ryðja sér til rúms víða um heim. Þessi aðferð hefur verið nefnd „Sambætting jafnréttismála“. Sambætting getur verið íþróttahreyfingunni mikilvægt tæki til að jafna stöðu kynjanna. Slíkt má gera með því að taka tillit til og miða tilboð og þjónustu við þarfir iðkenda af báðum kynjum. Aðferðin byggist á því að sambætta sjónarhorn kynferðis inn í allt starf. Í því felst að í stað þess að líta á jafnréttismál sem sérstakan afmarkaðan

málaflokk er markmiðið að samtvinnna þau alri stefnumörkun og aðgerðum. Jafnréttisvinna verður þannig eðlilegur hluti allra sem starfa að stjórnslu, s.s. þjálfun og rekstri íþróttafélaga. Kynferði er tekið á skipulagðan hátt með í reikninginn við alla ákvarðanatöku, hvort sem um er að ræða stórar eða litlar ákvarðanir. Forsendur slíkra samþættingar eru einkum eftirfarandi:

Vilji og ábyrgð: Vilji til að vinna að jafnrétti kynjanna þarf að vera meðal stjórnenda íþróttafélaga. Jafnframt þarf að vera skýrt hver ber ábyrgð á framkvæmdinni. Þeir aðilar sem hafa vald til ákvarðana og framkvæmda eru í lykilstöðu til að ná fram árangri í jafnréttismálum.

Kyngreindar upplýsingar: Nauðsynlegt er að safna upplýsingum um aðstæður og möguleika kynjanna innan íþróttafélaga. Á grundvelli þeirra upplýsinga eru teknar ákvarðanir um hverju þarf að breyta unnan íþróttafélaga til að raunverulegu jafnrétti verði náð.

Fræðsla um jafnréttismál: Fræðsla um jafnréttismál er nauðsynleg til að samþætting beri árangur. Ekki er hægt að krefjast ábyrgðar á samþættingu jafnréttissjónarmiða af fólki sem ekki hefur nægileg þekkingu.

Í þessum hluta var spurt um hvort félögin væru með siðareglur og jafnréttisstefnu og ef svo væri hvernig væru þær kynntar. Einnig var spurt um hvort a félögin/deildirnar hefðu námskrá og hvort þar væri eitthvað fjallað um jafnrétti. Auk þess var spurt hvort félögin/deildirnar hefðu gert mælingar og úttektir í tengslum við jafnréttisstefnu viðkomandi félags/deildar. Við vinnslu úttekarinnar var einnig notast við upplýsingum á heimasíðum íþróttafélaganna og á veraldarvefnum.

1.1 Handknattleiksdeild Hauka

Samkvæmt svörum handknattleiksdeildar Hauka er ekki til jafnréttisstefna á blaði og er greint frá því að í handknattleiksdeildinni séu allir jafnir. Því er ekki talin vera þörf á að gera mælingar eða úttektir á því. Athygli vekur að þegar námskrá á heimasíða Hauka er skoðuð má finna kafla sem fjallar um jafnréttisstefnu félagsins (Knattspyrnufélag Haukar, e.d., A).

Félagið hefur sjálft ekki sett niður siðareglur en fylgir siðareglum HSÍ og ÍSÍ. Í svörum handknattleiksdeildar Hauka er greint frá því að siðareglurnar séu að finna í samningum hjá þjálfurum og leikmönnum. Deildin er með námskrá og fram kemur í svörum að þar sé ekki fjallað um jafnrétti.

1.2 Körfuknattsdeild Hauka

Í svörum frá körfuknattleiksdeild Hauka kemur fram að ekki sé til jafnréttisskýrsla hjá félaginu en verið sé að vinna að henni. Jafnframt kemur þetta fram í svörum Körfuknattleiksdeildar Hauka: “Körfuknattleiksdeild Hauka hefur samt sem áður starfað eftir þeirri reglu að gera jafnt fyrir bæði kyn og hefur deildin sýnt það í verknaði með því að leggja jafn mikla áherslu á bæði kyn, hvort sem er í yngri flokkum eða í mfl. kvenna og hefu lagt mikinn metnað í því að vera með lið í öllum flokkum hjá báðum kynjum. Körfuknattleiksdeild Hauka er eina körfuknattleiksdeildin á landinu sem skráir lið til leiks í öllum aldursflokkum hjá báðum kynjum. Haukar hafa í gegnum árin verið leiðandi í því að leggja mikla áherslu á kvennakörfubolta hjá yngri flokkum og eru mfl. félagsins byggðir upp af leikmönnum sem hafa alist upp hjá deildinni. Deildin setur jafn mikið fjármagn í þjálfun kynjanna og er ekki gert upp á milli þjálfara hvort kynið það er sem verið er að þjálfar.” Þar sem ekki er að finna jafnréttisstefnu hjá deildinni hafa ekki verið gerðar mælingar eða úttektir hjá deildinni. Hvað varðar siðareglur þá er því svarað að deildin sé ekki með siðareglur. Hér á það sama við og hjá handboltadeildinni að hér er talað um að ekki hafi verið innleidd jafnréttisstefna hjá viðkomandi deild. En það má finna jafnréttisstefnu í námskrá Hauka (Knattspyrnufélag Hauka, e.d.A).

1.3 Knattspyrnudeild Hauka

Samkvæmt svörum knattspyrnudeild Hauka er jafnréttisstefna aðgengileg á heimasíðu félagsins (Knattspyrnufélag Hauka, e.d. A). Þar er jafnframt að finna jafnréttisstefnu sem fjallar bæði um jafnrétti kynja og jafnrétti kynþátta (Knattspyrnufélag Hauka, e.d.). Í námskránni er bæði fjallað um hvers vegna það sé mikilvægt að stuðla að jafnrétti í íþróttum og hvaða aðferðum skuli vera beitt til að viðhalda kynjajafnrétti hjá félaginu. Deildin segist reyna að vinna eftir þessari aðferð eftir bestu getu. Í svörum frá knattspyrnudeildinni er greint frá því að jafnréttisstefnan sé kynnt á foreldrafundum og þjálfara- og starfsmannafundum. Samkvæmt svörum knattspyrnudeildar Hauka hafa ekki verið gerðar úttektir eða mælingar í tengslum við jafnréttisstefnuna, en reglulega er fylgst með fjölda iðkenda, fækkun og fjölgun og hlutfalli milli kynjanna með því að taka reglulega saman fjölda iðkenda. Hvað varðar siðareglur þá hefur félagið haft sínar eigin siðareglur og einnig stuðst við siðareglur ÍSÍ (Íþrótt- og ólympíusamband Íslands, e.d. A). Siðareglurnar eru ekki aðgengilegar á heimasíðu Knattspyrnufélags Hauka en talið er að það hafi gleymst að setja þær inn þegar ný heimasíða

var gerð fyrir félagið. Deildin segist kynna siðareglurnar á foreldra- og þjálfarafundum hjá félaginu.

1.4 Björk (aðalstjórn)

Í svörum frá aðalstjórn Bjarkar kemur fram að það sé jafnréttisstefna hjá félaginu en tekið er fram að hún sé komin á tíma. Í jafnréttisstefnu félagsins (Fimleikafélagið Björk, e.d.) kemur fram: “Stefna félagsins er að gæta jafnréttis í starfi sínu. Hver einstaklingur á rétt á að vera metinn af verðleikum sínum, óháð uppruna, þjóðfélagsstöðu eða kyns svo eitthvað sé nefnt og á það meðal annars við um aðstöðu, fjármagn og þjálfun.” Bjarkirnar nota sömu jafnréttisstefnu og Knattspyrnudeild Hauka (e.d.), en notast er við samþættingu kynja sem áður var fjallað um í skýrslunni. Einnig er minnst á að æfingar í þremur af fjórum deildum félagsins, almenningsdeild, klifurdeild og taekwondodeild eru ekki kynjaskiptar. Þar hafa iðkendur jafnan aðgang að þjálfun, aðstöðu og fjármagni óháð kyni. Hjá fimleikadeild félagsins eru æfingar kynjaskiptar og þar eru stúlkur í miklum meirihluta. Þó séu miklar væntingar hjá félaginu að hlutur karlkyns iðkenda muni aukast hjá fimleikadeildinni, æfingasalurinn sé búinn fimleikaáhöldum fyrir bæði karla- og kvennaflokka.

Ekki hafa verið gerðar neinar mælingar eða úttektir á jafnréttisstefnunni. Í handbók hjá félaginu er að finna námskrá fyrir hverja deild og má finna jafnréttiskafla í handbókinni (Fimleikafélagið Björk, e.d.). Á heimasíðu félagsins, er að finna siðareglur fyrir iðkendur, þjálfara, foreldra iðkenda og fyrir stjórn og aðra starfsmenn (Fimleikafélagið Björk, 2016). Fram kemur að þjálfarar séu minntir á siðareglur félagsins á hverri önn. Eins stendur til að setja reglurnar upp í andyri íþróttamiðstöðvar Bjarkar eftir að þær hafa verið endurskoðaðar.

1.5 Klifurdeild Bjarkar

Klifurdeild Bjarkar tilheyrir Fimleikafélagi Bjarkar og fylgir sömu jafnréttisstefnu og siðareglum. Í svörum klifurdeildar Bjarkar er greint frá því að þjálfarar leiðbeini iðkendum eftir bestu getu með siðareglurnar að leiðarljósi. Klifurdeildin hefur sína eigin námskrá sem er aðgengileg á vefnum (Fimleikafélagið Björk, 2015). Í námskrá deildarinnar er ekki fjallað um jafnrétti og ekki er vitað til þess að gerðar hafi verið mælingar eða úttektir í tengslum við jafnréttisstefnu félagsins.

1.6 Badmintonfélag Hafnarfjarðar

Í svörum Badmintonfélags Hafnarfjarðar er ekki til formleg jafnréttisstefna hjá félaginu en BH fer eftir jafnréttisstefnu íþróttabandalags Hafnarfjarðar (Íþróttabandalag Hafnarfjarðar, e.d.). Jafnréttisstefnan er aðgengileg í handbók félagsins sem var gefin út þegar félagið varð fyrirmyndafélag ÍSí árið 2009. Samkvæmt BH er unnið að uppfærslu handbókarinnar og er stefnt á að handbókin verði endurútgefin á næstu mánuðum.

Í handbók félagsins má finna námskrá félagsins og þar má finna kafla um jafnréttissáttmála (Badmintonfélag Hafnarfjarðar, 2009). Samkvæmt svörum BH er þjálfurum, iðkendum og foreldrum greint frá handbók félagsins en það er gert á foreldra- og þjálfarafundum. Ekki hafa verið gerðar formlegar úttektir eða mælingar hjá félaginu í tengslum við jafnréttisstefnuna.

Félagið er ekki með sínar eigin siðareglur en styðst við siðareglur Badmintonsambands Íslands (e.d.) og Ólympíusambands Íslands (e.d. A) þar sem það á við. Í svörum BH kemur fram að siðareglurnar séu kynntar iðkendum, þjálfurum og foreldrum á fundum sem haldnir eru reglulega hjá félaginu. Þar er farið yfir helstu atriði og áherslur í starfi félagsins og m.a. farið yfir þær siðareglur sem gerðar eru kröfur um að sé fylgt.

1.7 Sundfélag Hafnarfjarðar (SH)

Í svörum frá Sundfélagi Hafnarfjarðar kemur fram að félagið fylgi jafnréttisstefnu ÍBH (Íþróttabandalag Hafnarfjarðar e.d.). Stefnuna er jafnframt að finna á heimasíðu félagsins. Í námskrá Sundfélags Hafnarfjarðar er ekkert komið inn á jafnrétti (Sundfélag Hafnarfjarðar, e.d.). Í svörum er greint frá að félagið fylgi siðareglum og eru siðareglurnar kynntar á aðalfundi sundfélagsins og á foreldrafélagsfundum.

1.8 Frjálsíþróttadeild FH

Í svörum frá frjálsíþróttadeild FH kemur fram að félagið vinnur eftir leiðarvísun að mótun jafnréttisstefnu hjá íþróttafélagi frá ÍSí (Íþrotta- og ólympíusamband Íslands, e.d.) og jafnréttisstefnu ÍBH (Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (e.d.) . Jafnréttisstefnan Fimleikafélag Hafnarfjarðar er aðgengileg á heimasíðu félagsins (Fimleikafélag Hafnarfjarðar, e.d.). Einnig styðst deildin við siðareglur ÍSí (Íþrotta- og ólympíusamband Íslands, e.d. a) og ÍBH (Íþróttabandalag Hafnarfjarðar, e.d. a). Jafnréttisstefna ÍBH og siðareglur (Íþróttabandalag

Hafnarfjarðar, e.d. og e.d. a) er kynntar meðal iðkenda, þjálfara og stjórnar deildarinnar og til forráðamanna ef það á við. Deildin hefur sína eigin námskrá en í formála námskrárinnar kemur þessi setning fram "Alltaf þegar talað er um iðkendur, börn og unglunga er átt við bæði piltar og telpur. Enginn greinamunur er gerður þar á og skulu bæði kyn fá sömu tækifæri og jafngóða þjálfun." Hvað varðar mælingar og úttektir í tengslum við jafnréttisstefnuna er því svarað að deildin vinni eftir leiðavísi ÍSÍ og er greint frá því að deildin standi sig vel fyrir utan að það sé erfitt að fá konur til að starfa í stjórn deildarinnar. Í svörum frá deildinni kemur ekki fram hvort deildin hafi gert formlegar mælingar eða úttektir á jafnréttisstefnu deildarinnar.

1.9 Handknattleiksdeild FH

Á heimasíðu FH er að finna jafnréttisstefnu félagsins sem deildin starfar eftir (Fimleikafélag Hafnarfjarðar, e.d.). Í svörum sem bárust frá félaginu er greint frá því að ekki hafi ekki verið neinar formlegar kynningar á jafnréttisstefnunni innan handknattleiksdeildarinnar. Ekki hafa verið gerðar formlegar mælingar eða úttektir innan handknattleiksdeildarinnar en í svörum kemur fram að alltaf sé haft í huga og fylgt eftir að aðstaða, þjálfun, fjármagn og slíkt sé jafnt hjá báðum kynjum. Hvað varðar siðareglur þá er greint frá því að deildin notist við siðareglur barna- og unglingastarfs knattspyrnudeildar FH sem eru aðgengilegar á vef félagsins (Barna og unglingaráð Knattspyrnudeildar FH, 2016) . Í svörum frá handknattleiksdeild FH kemur fram að siðareglurnar hafi ekki verið kynntar mjög skipulega og megi bæta. Í námskrá handknattleiksdeildar FH er að finna kafla um jafnréttismál, handbókina er hvergi að finna á rafrænu formi.

1.10 Knattspyrnudeild FH

Eins og hefur komið fram hjá öðrum deildum FH þá er jafnréttisstefna félagsins aðgengileg á vefsíðu félagsins, þar er stuðst við jafnréttisstefnu ÍBH. Í svörum frá knattspyrnudeild FH hafa ekki verið gerðar mælingar eða úttektir á jafnréttisstefnunni. Í svörum knattspyrnudeildar FH á því hvort félagið væri með siðareglur var því svarað að þau töldu sig taka á því í lögum félagsins og siðareglum. Siðareglur hjá deildinni er að finna á heimasíðu FH í handbók fyrir yngri flokka knattspyrnudeildar (Barna og unglingaráð Knattspyrnudeildar FH, 2016). Ekki er greint frá því hvernig félagið kynnir siðareglurnar hjá félaginu. Í námskrá knattspyrnudeildar

er ekki fjallað um jafnrétti en í svörum segir að ekki sé talin vera þörf að fjalla sérstaklega um jafnrétti í námskrá þar sem að jafnrétti er sjálfsgæður hlutur í öllu starfi yngri flokka félagsins.

1.11 Samantekt

Flest félögin og deildirnar styðjast við jafnréttisstefnu ÍBH, körfuknattleiksdeild Hauka er að vinna að því að koma upp jafnréttisstefnu og samkvæmt svörum frá handboltadeild Hauka þá styðst deildin ekki við neina jafnréttisstefnu. Athygli vekur á því að á heimasíðu Hauka er að finna jafnréttisstefnu í námskrá félagsins. Spurning hvort að það vanti samræmingu á vinnubrögðum milli deilda innan sama félags, eða hvort deildir eigi ekki að vera með sameiginlega stefnu innan félagsins. Knattspyrnudeild Hauka og Bjarkir vinna eftir „Samþættingu jafnréttismála“ sem verkfæri til að koma á jafnrétti kynjanna og ágætis leið fyrir félögin til þess að vinna eftir.

Báðar þessar stefnur eru góðar en það vantar hjá flest öllum deildum/félögum að hafa eftirfylgni með jafnréttisáætlun, setja sér markmið og framtíðarsýn. ÍBH kemur inn á markmið og leiðir í sinni stefnu en vantar samt sem áður hvernig á að fylgja henni því eftir, t.d. hvaða aðferðum eigi að beita til að fá upplýsingar um hvernig félagið standi sig í jafnrétti kynja. Hvernig sé hægt að mæla jafnrétti og eftirfylgni með stefnum innan félaganna. Slíka eftirfylgni mætti gera með því að gera reglulega úttektir eða mælingar á stefnunni.

Hvað varðar “samþættingu jafnréttismála” þá kemur m.a. fram :

“Kyngreindar upplýsingar: Nauðsynlegt er að safna upplýsingum um aðstæður og möguleika kynjanna innan íþróttafélaga. Á grundvelli þeirra upplýsinga eru teknar ákvarðanir um hverju þarf að breyta unnan íþróttafélaga til að raunverulegu jafnrétti verði náð.”

Það kemur hvergi fram hver beri ábyrgð á að fylgja eftir markmiðum, hvaða aðferðum verði beitt og hvaða kyngreindu upplýsingum skuli safnað og hve oft það sé gert. Því er nokkuð erfitt að meta hvernig gengur að fylgja stefnunni eftir ef ekki eru gerðar mælingar eða úttektir til að sjá hvernig málum er háttað og hvernig gangi að fylgja eftir stefnu félags/deildar. Eins og fram kemur í svörum frá félögnum/deildunum hafa ekki verið gerðar neinar formlegar mælingar eða úttektir á jafnréttisstefnu viðkomandi félags/deildar, er mikilvægt að endurskoða það verklag.

Í flestum tilvikum er hægt að nálgast jafnréttisstefnur á heimasíðum félaganna. Jafnréttisstefnan er oftast ekki kynnt sérstaklega en þrjú félög/deild SH, BH og frjálsíþróttadeild FH kynna hana á foreldra-, iðkenda- og þjálfarafundum. Flest félögin/deildirnar hafa námskrá og er mjög misjafnt er hve mikið er fjallað þar um jafnrétti. Aðeins ein deild, knattspyrnudeild Hauka, sagði að reglulega sé fylgst með fjölda iðkenda og hlutfalli milli kynjanna með því að taka reglulega saman iðkendatölur, mættu fleiri deildir/félög taka upp það verklag. Körfuknattleiksdeild Hauka starfar eftir þeirri reglu að gera báðum kynjum jafnhátt undir höfði og hefur deildin sýnt það í verknaði með því að leggja jafn mikla áherslu á bæði kyn og á eldri og yngri flokka. Handboltadeild FH svarar því að alltaf sé haft í huga og fylgt eftir að aðstaða, þjálfun og fjármagn sé jöfn hjá báðum kynjum. Deildir/félög verða sýna betur fram á að stefnur þeirra virki fyrir bæði kynin, til þess þurfa þau stuðning til þess að móta sér verklag í þeim málum.

Í svörum frá nokkrum deildum/félögum má greina að ekki sé talin vera þörf á því að fjalla sérstaklega um jafnrétti þar sem að jafnrétti sé sjálfsgæður hlutur. Einnig kemur fram að oftast sé frekar jafnt kynjahlutfall hjá iðkendum deildarinnar/félagsins, og því ekki talin þörf á að hrinda af stað aðgerðum. Til þess að geta fær rök fyrir þau svör verða deildir/félög að sýna fram á mælanlegan árangur með það verklag, t.d. með því að taka saman iðkendatölur reglulega og sjá hvort jafnrétti sé sannarlegt.

Siðareglur eru ekki mjög aðgengilegar inni á heimasíðum félaganna. Við úttekt á heimasíðu félaganna er hvergi að finna siðareglur nema hjá Björkunum og í handbók FH, en þar eru siðareglur fyrir iðkendur, þjálfara og foreldra. Körfuknattleiksdeild Hauka segist ekki vera með siðareglur. Einnig virðist bera á misskilningi með siðareglur en oftast er einu sinni er vísað í lög félagsins þegar spurt er um siðareglur hjá viðkomandi félagi/deild. Siðareglurnar eru oftast kynntar munnlega á fundum hjá félögunum/deildunum, en skortur á skriflegum og upplýstum siðareglum. Siðareglur mættu vera meira áberandi t.d. með því að hengja þær upp í andyri hjá viðkomandi íþróttamiðstöð, eins og Bjarkirnar nefna í svari sínu.


2. Kynjahlutföll í stjórnnum félaga & iðkenda árið 2017

Í þessum hluta var spurt um kynjaskiptingu í stjórnnum og hvernig val færir fram ásamt því að skoða kynjahlutföll milli iðkenda. Kynjahlutföll iðkenda var skoðað í gegnum kyngreinanleg gögn sem eru aðgengileg í gegnum skráningar og greiðslukerfin en að auki þess voru skoðaðar heimasíður félaganna. Aðeins var skoðað hlutfall í stjórnnum deilda og iðkendatölur þeirra deilda/félaga sem fjallað er um í þessari skýrslu.


2.1 Haukar

Í stjórn handknattleiksdeildar eru meðlimir 29 talsins, 20 karlar og níu konur. Í aðalstjórn Knattspyrnufélags Hauka eru stjórnarmeðlimir samtals tólf, níu karlar og þrjár konur. Stjórn körfuboltadeildar er skipuð sjö stjórnarmeðlimum, fimm körlum og tveimur konum. Í stjórn knattspyrnudeildarinnar eru samtals níu, sjö karlar og tvær konur.

Hjá körfuknattleiks- og handknattleiksdeildunum er kosið á aðalfundi. Knattspyrnudeildin greinir frá því að leitast sé eftir fólki til starfa og tekur fram að það getur verið erfitt að fá fólk til starfa.




Fjöldi iðkenda í knattspyrnudeild Hauka árið 2017 voru 477, 320 strákar og 157 stelpur. Í körfuknattleiksdeild Hauka voru skráðir 213, 146 strákar og 67 stelpur. Í handboltadeild Hauka voru voru 257 skráðir iðkendur, 163 strákar og 94 stelpur.




2.2 Björk

Aðalstjórn Bjarkar er skipuð átta stjórnarmeðlimum, sex konum og tveimur körlum. Klifurdeild Bjarkar er með samtals sex stjórnarmeðlimi, tvo karla og fjórar konur. Fimleikadeildin er skipuð sex konum og einum karli.

Samkvæmt upplýsingum frá Björkunum er kosið í stjórnir á aðalfundum deilda félagsins og á aðalfundi félagsins alls. Þrír fulltrúar eru kjörnir í aðalstjórn en síðan eiga formenn deilda einnig sæti í aðalstjórn.




Í fimleikadeild Bjarkar voru skráðir iðkendur árið 2017 samtals 1069, 344 strákar og 725 stelpur. Í klifurdeild Bjarkar voru iðkendur 203 talsins, 101 strákar og 102 stelpur.




2.3 Badmintonfélag Hafnarfjarðar

Í stjórn BH er kynjahlutfallið jafnt, en það eru þrjár konur og þrír karlar. Samkvæmt BH er leitað til áhugasamra félagsmanna og þeim boðið að koma í stjórn eða nefndir hjá félaginu.



Árið 2017 var fjöldi iðkenda í badmintondeild 135, 76 strákar og 59 stelpur.

Kynjaskipting iðkenda BH



2.4 Sundfélag Hafnarfjarðar


Samkvæmt Sundfélaginu þá býður fólk sig bæði fram og eins er það venjan hjá félaginu að leitað sé væntanlegra kandidata. Hlutfall stjórnarmeðlima er jafnt, fjórir karlar og fjórar konur.

Kynjaskipting í aðalstjórn SH



Í sundfélagi Hafnarfjarðar æfa 125 strákar og 146 stelpur.

Kynjaskipting iðkenda SH




2.5 Fimleikafélag Hafnarfjarðar

Aðalstjórn Fimleikafélags Hafnarfjarðar er skipuð sex körlum og fjórum konum. Knattspyrnudeildin er skipuð 10 körlum, engri konu. Í stjórn handknattleiksdeildar FH eru stjórnarmeðlimir tíu, sjö karlar og þrjár konur. Frjálsíþróttadeildin er skipuð sex körlum og tveimur konum.

Í svörum frá frjálsíþróttadeild FH kemur fram að erfitt hafi verið að fá konur til að starfa í stjórn deildarinnar. Þeir sem vilja taka þátt í starfi deildarinnar komast mjög auðveldlega að verkefnum.


Í svörum frá handknattleiksdeild FH kemur fram að það sé leitað eftir hæfu fólki og undantekningalítið kemst fólk í það sem leitast er eftir því það sé alltaf vöntun á fólki í sjálfboðastörf. Á aðalfundi knattspyrnudeildar FH er kosið í stjórn.

Kynjaskipting í stjórnnum FH



Árið 2017 var fjöldi iðkenda í frjálsíþróttadeild FH 229 talsins, 111 drengir og 118 stúlkur. Í handknattleiksdeild FH voru 245 iðkendur, 153 strákar og 92 stelpur. Í knattspyrnudeild FH voru iðkendur samtals 946 árið 2017, 599 drengir og 347 stelpur.

Kynjaskipting iðkenda FH



2.6 Umræða

Í jafnréttisstefnu ÍBH kemur fram er eitt að markmiðunum til að ná jafnrétti sé leitast við að kynjahlutföll séu sem jöfnust í stjórnnum félaga og deilda. Einu félögin sem að eru með jöfn kynjahlutföll í stjórnnum er SH og BH. Hjá Badmintonfélagi Hafnarfjarðar er jöfn kynjaskipting í aðalstjórn félagsins og nokkuð jöfn kynjahlutföll iðkenda. Það sama er hjá Sundfélagi

Hafnarfjarðar en þar er kynjaskipting í aðalstjórn jöfn og kynjahlutfall iðkenda frekar jafnt, stúlkur aðeins fleiri. Ef skoðaður er leiðarvísir ÍSÍ að mótun jafnréttisstefnu kemur fram að gæta þess að hlutfall kynjanna sé sem jafnast þegar skipað er í nefndir, ráð og stjórnir og það endurspeglar hlutfall iðkenda í viðkomandi íþróttagrein. Í því tiliti eru kynjahlutföll í stjórnnum þeirra deilda/félaga sem fjallað er um í þessari skýrslu og iðkendum oft í samræmi við þá viðmiðunarreglu ÍSÍ.

Stjórnir Hauka eru að stórum hluta skipaðar körlum. Þegar skoðað er hlutfall iðkenda þá eru strákar fjölmennari í öllum greinunum sem skoðaðar voru hjá Haukum.

Hjá fimleikafélaginu Björk er meirihluti stjórnarmeðlima konur, 68% iðkenda í fimleikadeild eru stúlkur en kynjahlutfallið er jafnt á milli iðkenda klifurdeildar.

Kynjahlutfall iðkenda í aðalstjórn FH er nokkuð jafnt, 60% karlar og 40% konur, svipað og iðkendafjöldi. Í stjórn handboltadeildar FH og frjálsíþróttadeildar eru karlar í meirihluta. Stjórn knattspyrnudeildar FH er aðeins skipuð körlum, það samræmist ekki jafnréttisstefnu deildarinnar en félagið styðst við jafnréttisstefnu ÍBH. Fleiri strákar en stelpur iðka hand- og fótbolta hjá félaginu eða rúmlega 60 % í báðum greinum. Hins vegar er kynjahlutfallið nánast jafnt í frjálsíþróttadeild FH. Stelpur eru þó örlítið fleiri eða 52% iðkenda.

Það eru því aðeins tvö félög og ein deild sem eru með nokkuð jafnt kynjahlutfall, af þeim sem tóku þátt í þessari úttekt en samkvæmt skráðum iðkendafjölda. Það eru Sundfélag Hafnarfjarðar, Badmintonfélag Hafnarfjarðar og í frjálsíþróttadeild FH.

3. Laun, fræðsla og kynningar

Í þessum hluta var spurt um hvort allir hefðu jafnt aðgengi að endurmenntun hjá deildinni/félaginu. Spurt var um laun og hvort laun kynjanna væri jöfn. Skoðað var hvort félögin væru með fræðsluáætlun, jafnframt var athugað hvort félögin/deildirnar hefðu staðið fyrir jafnréttisfræðslu. Leitast var eftir svörum hvort félögin/deildirnar hefðu farið í átaksverkefni eða gert áætlun til að jafna hlutfall kynja hjá félaginu/deildinni. Einnig voru kynningarmál skoðuð hjá viðkomandi deildum/félögum. Félögin/deildirnar voru spurðar hvernig staðið væri á vali og birtingu á fréttum og myndefni t.d. út frá kyni og aldri.

3.1 Handknattleiksdeild Hauka

Í svörum frá handknattleiksdeild Hauka kemur fram að það sé enginn kynjamunur á launum þjálfara og starfsmanna deildarinnar. Hjá deildinni er jafnt aðgengi að endurmenntun hjá þjálfurum og sér deildin um að fjármagna fræðslu og endurmenntun. Ekki hefur verið boðið upp á jafnréttisfræðslu hjá deildinni. Það virðist ekki vera til fræðsluáætlun hjá viðkomandi deild.

Hvað varðar kynningar þá notar félagið samfélagsmiðla til þess að kynna starfið. Deildin hefur ekki unnið verkefni, átaksverkefni eða gert áætlun til að jafna hlutfall kynja hjá félaginu. Í svörum er greint frá því að reynt sé að hafa jafnt hlutfall kynja á myndefni og á fréttum sem birtist frá deildinni.

3.2 Körfknattleiksdeild Hauka

Samkvæmt svörum körfknattleiksdeildar Hauka fá allir þjálfarar jafnt aðgengi að menntun og greiðir deildin fyrir þjálfara sem fara á námskeið hér innanlands, en eftir samkomulagi ef farið er erlendis á námskeið. Þjálfarar fá greitt eftir menntun og reynslu en ekki eftir kyni. Reynt sé að finna hæfa þjálfara fyrir alla flokka deildarinnar. Ekki er til nein fræðsluáætlun hjá deildinni. Greint er frá því að deildin hafi boðið upp á jafnréttisfræðslu fyrir þjálfara og stjórnendur deildar og sér deildin um að fjármagna fræðsluna.

Kynningar hjá deildinni fara fram á hverju hausti, en þá fara þjálfarar í þá grunnskóla bæjarins sem vilja taka á móti deildinni, og kynna starf deildarinnar. Í svörum frá deildinni var greint frá því að árið 2016 var lögð sérstök áhersla á að fá stelpur til að æfa körfubolta og var fengin kvenkyns þjálfari hjá deildinni til þess að kynna starfið. Auk þess var öllum 6-7 ára stelpum sem vildu byrja að æfa körfubolta eftir áramót, boðið að æfa frítt það sem eftir var af vetri. Einnig var boðið upp á vinaæfingar til þess að kynna starfsemina.

Í svörum frá deildinni er greint frá því að passað sé upp á að á öllu fréttatengdu efni og myndefni sem deildin deilir, sé jafnt hlutfall kynja. Sem dæmi var myndbandsefni notað til kynningar og sýnt í skólum, en þar var gætt að hafa jafnmikið myndefni af báðum kynjum. Að auki er einnig greint frá því að myndefni á heimasíðu deildarinnar sé af báðum kynjum.

3.3 Knattspyrnudeild Hauka

Í svörum frá knattspyrnudeild Hauka kemur fram að það sé ekki kynjamunur í launamálum hjá deildinni. Aðgengi þjálfara að endurmenntun er jöfn hjá deildinni, en deildin greiðir fyrir endurmenntun og fræðslu þjálfara. Ekki er vitað til þess að það hafi verið boðið upp á jafnréttisfræðslu hjá deildinni. Knattspyrnudeild Hauka á ekki til fræðsluáætlun en samkvæmt svörum frá deildinni þá er verið að vinna að fræðsluáætlun.

Kynningar fyrir börn og unglunga á starfi félagsins hefur aðallega farið fram á foreldrafundum, en einnig hafa skólar í nágrenni við félagið verið heimsóttir. Hvað varðar átaksverkefni og áætlanir til að jafna hlutfall kynja í starfinu þá er því svarað játandi en ekkert frekar útskýrt hvernig það fór fram eða hvernig það gekk. Hvað myndefni varðar, þá er gætt að því að bæði kynin séu með á því myndefni sem birtist hjá knattspyrnudeild Hauka, og sem breiðasti aldur, nema að um sérstakt átak eða verkefni sé að ræða.

Í svari frá knattspyrnudeild er þessu komið á framfæri:

Rekstur íþróttafélaga er mjög þröngur fjárhagslega og því reynist oft erfitt að vinna að hinum ýmsu málum sem félögin myndu svo sannarlega vilja gera. Allt sem kallar á sérfræðisþekkingu og þjónustu kostar og því miður hafa mörg félög því ekki efni á því að fara í hin ýmsu átaksverkefni, markaðskynningar og annað sem þau kannski einmitt þurfa vegna fjárhagserfiðleika.

Það virðist því oft ekki vera til nægt fjármagn hjá deildunum til að halda fræðslu.

3.4 Björk (klifurdeild)

Í svörum frá deildinni kemur fram að félagið greiði endurmenntun og fræðslu fyrir þjálfara, annað hvort að hluta til eða alveg, eftir því sem við á. Félagið hefur ekki fræðsluáætlun og ekki hefur verið haldin jafnréttisfræðsla innan deildar. Greint er frá því að það sé langt síðan að haldin hafi verið fræðsla innan klifurdeildarinnar. Þegar fræðsla hefur verið í boði þá borgar félagið fyrir hana.

Kynningar hjá klifurfélaginu fara fram á heimasíðu Bjarkanna en einnig hefur öllum börnum í 3. bekk í grunnskólum bæjarins verið boðið að koma á æfingu. Hlutföll kynjanna eru nokkuð

jöfn og hefur þeim ekki fundist nauðsynlegt að vera með átaksverkefni. Við birtingu myndefnis og fréttu frá deildinni er passað upp á að hafa myndir af öllum þátttakendum.

3.5 Fimleikafélagið Björk (aðalstjórn)

Í svörum frá Fimleikafélaginu Björk kemur fram að allir þjálfarar hafa sama aðgengi að menntun en fræðslukerfi FSÍ er mjög virkt og er tengt ÍSÍ fræðslukerfinu. Námskeið Fimleikasambandsins og önnur viðeigandi námskeið eru auglýst á þjálfarasíðu. Það er launatafla þjálfara í gangi hjá félaginu sem tekur mið af menntun, aldri og reynslu. Kyn starfsmanna hefur ekki áhrif á laun. Almenn menntun innan fræðslukerfis FSÍ/ÍSÍ er greidd af félaginu en tekin er afstaða til annarra námskeiða út frá gildi, kostnaði og eftirspurn. Fræðsluáætlun fyrir fimleikadeild er í raun unnin af FSÍ en leyfiskerfi sambandsins tekur menntun þjálfara inn í kerfið og hvetur þannig til menntunar. Ekki er virk áætlun fyrir aðrar deildir. Deildin hefur ekki boðið sérstaklega upp á jafnréttisfræðslu.

Samkvæmt svörum frá Björkunum er ekkert skipulagt kynningarstarf. Deildir félagsins fara í kynningarátak ef á þarf að halda, t.d. með þátttöku í viðburðum á vegum bæjarins (17. júní o.s.frv.). Félagið hefur ekki farið neitt sérstaklega í kynningaátök til að breyta kynjahlutfallinu en starfsfólk (skrifstofa) er mjög meðvituð um að strákar séu áberandi á heimasíðu og fésbókarsíðu félagsins. Samkvæmt Björkunum er reynt að passa að allar deildir fái að njóta sín og þá sérstaklega það kyn sem er í minnihluta í hverri deild.

3.6 Badmintonfélag Hafnarfjarðar

Hjá BH er jafnt aðgengi að endurmenntun hjá þjálfurum félagsins. Þjálfaranámskeið eru opin fyrir bæði kyn en þjálfarar verða að fylgja ákveðnum þrepum í námskeiðum til að uppfylla réttindi til að sækja viðkomandi námskeið. BH gerir ekki greinarmun á kynjum í launum. Farið er eftir menntun og starfsaldri við ákvörðun launa hjá þjálfurum. Hvað varðar endurmenntun og fræðslu hjá félaginu þá greiðir félagið fyrir endurmenntun eða styrkir þátttöku þjálfara til að sækja um endurmenntun. Félagið hefur ekki gert fræðsluáætlun, en í svörum frá BH er tekið fram að það sé mikil áhersla hjá félaginu að ráða þjálfara sem hafa lokið námi í þjálfun, en allir þjálfarar hjá BH hafa lokið að minnsta kosti fyrsta stigi þjálfaramenntunar BSÍ og þar

að auki eru fjórir þjálfarar íþróttifræðingar. Vegna þessa hefur styrkur Hafnarfjarðarbæjar og Rio Tinto ætíð verið hár, því þjálfaramenntun félagsins er mikil samkvæmt svörum frá BH. Félagið sér um að greiða fyrir fræðslufundi, en iðkendum, foreldrum og þjálfurum hefur verið boðin fræðsla hjá félaginu.

Í svörum frá félaginu kemur fram að ekki hefur verið boðið upp á sérstaka jafnréttisfræðslu en málefnið sé alltaf í hávegum haft og rætt á þjálfarafundum.

BH greinir frá því að það sé nokkuð jafnt hlutfall á milli kynja og tilviljunarkennt hvort stúlkur eða drengir séu fjölmennari og því ekki verið talin ástæða til þess að vera með átaksverkefni til að jafna hlutfall kynja.

Starf deildarinnar er auglýst í bæjarblöðum og á heimasíðu deildarinnar. Einnig eru notaðir netpóstar og samfélagsmiðlar til að kynna félagið. Undanfarin ár hefur félagið heimsótt einn til tvo skóla í bæjarfélaginu og gefið badmintonspaða í 4. bekk og börnum boðið fríar æfingar í eina önn. Í kynningarefni frá félaginu er lögð áhersla á að fréttæfni og myndir af báðum kynjum komi fyrir. Reynt er að gera öllum úrslitum jafnt hátt undir höfði, hvort sem á við um aldur eða kyn.

3.7 Sundfélag Hafnarfjarðar

Hjá SH er aðgengi þjálfara að endurmenntun jöfn. SH gerir ekki greinarmun á launum á milli kynjanna. Félagið hefur ekki komið sér upp fræðsluáætlun, en deildin hefur haldið fræðslu fyrir iðkendur, foreldra og starfsfólk en félagið kostar fræðsluna. Í svörum frá SH kemur fram að félagið hefur ekki boðið upp á jafnréttisfræðslu fyrir félagið.

Samkvæmt SH er starfið kynnt í bæjarblöðum og á dreifibréfum og nefnir að ekki sé auglýst í skólum, þar sem það er bannað. SH hefur ekki fundist vera þörf á að vera með átaksverkefni í jafnréttismálum, þar sem að félagið telur sig búa við mjög mikið kynjajafnrétti. Við val á myndefni og fréttatengdu efni hjá þá er gætt að það sé jafnt hjá báðum kynjum.

3.8 FH (frjálsíþróttadeild)

Hjá frjálsíþróttadeildinni er enginn kynjamunur í launamálum. Aðgengi þjálfara að endurmenntun er jöfn hjá deildinni en frjálsíþróttadeildin greiðir fyrir endurmenntun og fræðslu þjálfara og fræðslufundi FRÍ/ÍSÍ, ef það kostar á þá fundi. Deildin segist ekki vera með fræðsluáætlun, en greinir frá því að horft sé til fræðslu- og útbreiðslunefndar FRÍ, þar sem að deildin hefur góðan aðgang að þeirri nefnd. Þjálfarar, stjórnarmenn og iðkendur hafa sótt námskeið um jafnréttismál. Deildin hefur séð um að greiða fyrir námskeið ef það hefur þurft að greiða fyrir þau. Einnig kemur fram að ÍSÍ og ÍBH hafa haldið góð námskeið um þessi mál, án endurgjalds.

Kynning á starfinu hefur farið fram í fjölmiðlum, dreifibréfum, auglýsingum og einnig hafa verið haldnar kynningar með íþróttakennurum skólanna. Hvað varðar átaksverkefni til þess að jafna kynjahlutföll, er greint frá því að deildin hafi staðið fyrir slíku. Jafnframt er tekið fram að það sé nokkuð jöfn þátttaka iðkenda milli kynja, en einstaklingar fá jöfn tækifæri í greininni. Hvað varðar birtingu á mynd- og fréttæfni frá deildinni er enginn greinarmunur gerður á aldri eða kynjum. Auglýsingar sýna bæði kyn við æfingar og jafnframt er tekið fram að frá árinu 1994 hefur deildin valið afreksmann og afrekskonu deildarinnar.

3.9 Handknattleiksdeild FH

Í svörum frá handknattleiksdeild FH kemur fram að þær breytur sem hafi áhrif á laun séu menntun, hæfni, reynsla og umfang verkefna. Kyn skiptir þar engu máli. Þjálfarar hafa jafnt aðgengi að endurmenntun og fræðslu en deildin sér um að kosta það. Ekki er til fræðsluáætlun innan deildarinnar og lítið verið boðið upp á jafnréttisfræðslu innan félagsins.

Hvað varðar kynningar er starf yngri flokka auglýst í blöðum, á samfélagsmiðlum og einnig eru borin út dreifibréf í hús. Í svörum frá handknattleiksdeild FH varðandi hvort félagið hafi farið í átaksverkefni til að jafna hlutfall kynja í starfi kemur fram að slík vinna hafi farið fram hjá félaginu, t.d. með auglýsingum, vinavikum og kynningum í skólum til að auka þátttöku. Þá er sérstaklega lögð áhersla á þá flokka sem eru fámennastir hverju sinni. Við val á myndefni hefur deildin lagt áherslu á að birta myndir af báðum kynjum. Fréttir frá deildinni eru óháð kyni og það sem er frétt næmt hverju sinni.

3.10 Knattspyrnudeild FH

Í svörum frá knattspyrnudeild FH kemur fram að það sé enginn kynjamunur á launum. Þjálfarar hafa jafnt aðgengi að endurmenntun og sér deildin um að greiða endurmenntun fyrir starfsfólk. Deildin er ekki með sína eigin fræðsluáætlun en styðst við fræðsluáætlun Knattspyrnusambands Íslands (e.d.). Við nánari skoðun er ekki um fræðsluáætlun að ræða en þar er að finna ýmisskonar fræðsluefni. Ekki hefur verið boðið upp á jafnréttisfræðslu.

Í kynningarmálum hefur deildin auglýst starfið á heimasíðu og á samfélagsmiðlum. Einnig hefur deildin gert plaköt sem má finna víða um bæinn. Hvað varðar átaksverkefni þá kemur fram að KSÍ hafi staðið fyrir átaksverkefnum til að fjölga stelpum í knattspyrnu. Einnig kemur fram að hjá knattspyrnudeild FH sé nánast jöfn skipting á iðkendum karla og kvenna, því sé ekki þörf á átaksverkefni. Deildin velur myndefni eftir því sem á við á hverju sinni, hvort sem það eru ungir eða gamlir, konur eða karlar.

3.11 Samantekt

Hvað varðar laun þjálfara og starfsfólks þá svöruðu allir því að ekki væri gert upp á milli kynja. Tekið var fram á nokkrum stöðum að þjálfarar fái greidd laun eftir menntun og reynslu en ekki kyni. Öll félögin svöruðu því að allir þjálfarar, óháð kyni hefðu jafnan aðgang að endurmenntun, í leiðarvísi jafnréttisstefnu ÍSÍ kemur fram að þjálfarar félagsins eigi að eiga greiðan aðgang endurmenntun. Einnig leggja flest íþróttafélög áherslu á að finna sem hæfustu þjálfara fyrir alla flokka deildarinnar en í leiðarvísi að jafnréttisstefnu Íþrótt- og ólympíusamband Íslands (e.d.) kemur fram: “Allir iðkendur, óháð kyni, eiga rétt á góðum þjálfara sem hæfir getu þeirra og aldri. Nauðsynlegt er að þjálfarar beggja kynja séu vel menntaðir og hafi möguleika á að fá hæfa aðstoðarþjálfara sé þess þörf.”

Það voru ekki nema tvö félög/deildir sem höfðu haldið jafnréttisfræðslu. Ekkert félaganna er með fræðsluáætlun.

Nokkrir nefndu að þau studdust við “samþætting jafnréttismála”. Ef skoðað er “samþætting jafnréttismála” þá segir meðal annars

Kyngreindar upplýsingar: Nauðsynlegt er að safna upplýsingum um aðstæður og möguleika kynjanna innan íþróttafélaga. Á grundvelli þeirra upplýsinga eru teknar ákvarðanir um hverju þarf að breyta innan íþróttafélaga til að raunverulegu jafnrétti verði náð.

Það vekur því athygli að ekkert félaganna hefur gert mælingar eða úttekt en kennir sig engu að síður við þá jafnréttisstefnu. En það kemur fram í *fræðsla um jafnréttismál*: “Fræðsla um jafnréttismál er nauðsynleg til að samþætting beri árangur. Ekki er hægt að krefjast ábyrgðar á samþættingu jafnréttissjónarmiða af fólki sem ekki hefur nægileg þekkingu.”

Nokkur félög höfðu farið í átaksverkefni til að fá fleiri til liðs við sig. Félagin/deildirnar fóru misjanft að því að kynna starfsemina. Það var mjög áberandi í svörum deildanna/félaganna að ekki væri þörf á átaksverkefnum um að rétta kynjahlutfallið, töldu flestir það ekki vera áhyggjuefni þar sem að staða kynja væri nokkuð jöfn hjá þeim.

Öll félagin voru meðvituð um að birta myndefni og fréttir af iðkendum af báðum kynjum, og gera ekki upp þar á milli.

4. Verðlaun, hlunnindi og tímaúthlutun

Í þriðja og síðasta hlutanum var spurt um hvort það væri jafnvægi í verðlaunum/verðlaunagripum sem iðkendur fá. Einnig var spurt hvort það væru sömu hlunnindi hjá öllum. Að lokum var spurt um hvort það væri kynjamunur á tímaúthlutun hjá deildinni og skoðaðar voru æfingatöflur á heimasíðum félaganna/deildanna.

Í leiðarvísi Íþrótt- og ólympíusamband Íslands (e.d.) að jafnréttisstefnu segir meðal annars að verðlaun innan félaga og milli kynja skuli ávallt vera sambærileg. Félagið sé ábyrgt fyrir því að upplýsa samstarfsaðila um þá stefnu félagsins.

Í svörum frá félögum/deildunum kemur fram að kynin njóta sömu hlunninda og ekkert af félögum gerir upp á milli kynja í verðlaunum eða verðlaunagripum. Athygli vekur að hjá körfuknattleiksdeild Hauka og SH eru alveg sömu verðlaun fyrir kynin, bæði hjá meistaraflokki deildarinnar og yngri flokkum. Hjá BH er mismunur á verðlaunum eftir getustigi og aldri, en þeir sem eru komnir í meistaraflokk, fá stærri gripi og eru verðlaunagripir eins hjá báðum kynjum.

4.1 Tímaúthlutun

Í jafnréttissáttmála ÍBH kemur fram að gæta þurfi jafnræðis milli pílta og stúlkna í úthlutun æfingatíma í íþróttamannvirkjum. Öll félögin greina frá því að tímaúthlutanir á æfingum fari ekki eftir kyni.

Knattspyrnudeild Hauka greinir frá því að það sé passað upp á að sömu flokkar, karla og kvenna, fái sama æfingatíma en það komi þó fyrir að það gangi ekki upp. Helsta ástæða þess er að sumir drengjaflokkar eru mun stærri en stúlknaflokkar og því þarf stundum að skipta þeim upp.

Björk tekur fram að tímaúthlutun fari eftir aldri og getustigi, ekki kyni.

BH greinir frá því að það sé enginn tímaúthlutun, en þar æfa stúlkur og drengir saman og nýta sömu æfingatíma. Hjá BH eru allar æfingar blandaðar og kynjunum er ekki skipt upp.

Sundfélag Hafnarfjarðar vill koma því á framfæri að bæði strákar og stúlkur hafa sömu þjálfara og æfa á sömu tímum og það er ekki gerður greinarmunur á milli kynja í neinu starfi innan félagssins allt frá fyrstu sundnámskeiðum að æfingum Garpa (eldri sundmanna eða öldunga) hvort sem þau eru 4 ára eða 87 ára. Öll verðlaun eru veitt jafnt til beggja kynja og ekki gerður neinn greinarmunur á upphæð á verðlaunafé hvort sem verið er að veita til karla eða kvenna. Hjá frjálsíþróttadeild FH æfa bæði kyn saman hjá deildinni og þ.a.l. fá iðkendur sömu tækifæri til æfinga.

Knattspyrnudeild FH greinir frá því að tímaúthlutun æfinga fari eftir stærð flokka og fjölda iðkenda í flokkum.

Þegar æfingatöflur voru skoðaðar á heimasíðum félaganna eru flestir með nokkuð jafna úthlutun á tímafjölda og tíma æfinga milli kynja. Hjá flestum virðist vera jafnræði hvað það varðar og æfingatímar og fjöldi tíma fara eftir aldri og getustigi eins og fram kom í svörum. Það kemur fram ósamræmi hjá handknattleiksdeild Hauka, þegar betur er skoðað og fengið skýringar hjá deildinni þá er iðkenda fjöldi milli kynjanna í elstu flokkunum gífurlegur. Þar sé reynt að komast til móts við alla aðila með fjölbreyttum æfingarmöguleikum, t.d. séu aðeins skráðir tveir æfingartímar hjá stúlkum en fimm tímar hjá drengjum, stúlkurnar fái tvo aðra æfingartíma sem ekki séu skráðir í æfingatöflu og margir kvenkyns iðkendurnir í elstu flokkunum séu líka æfa upp fyrir sig. Hjá frjálsíþróttadeild FH, SH, BH og klifurdeild Bjarkanna

æfa kynin saman. Hjá handbolta- og fótboldadeild FH er tímum skipt jafnt og fá kynin svipaða æfingatíma og eins hjá öllum deildum Hauka og það virðist vera jafnræði hvað þetta varðar. Í jafnréttisstefnu ÍBH kemur fram að næg aðstaða og æfingatímar eigi að vera í boði í íþróttamannvirkjum í Hafnarfirði. Þó virðist vera skortur á aðstöðu til knattspyrnuíðkunar hjá báðum knattspyrnudeildum bæjarins, Haukum og FH. En FH geta ekki alltaf æft á sínum heimavelli og þurfa þau að sækja æfingar bæði á Álftanesi og á ÍR vellinum. Iðkendur yngri flokka Hauka hafa þurft að sækja æfingar í Reykjaneshöllina.

4.2 Samantekt

Á síðustu árum hefur verið fjallað um ósamræmi í verðlaunagripum á milli kynja, það virðist vera liðin tíð því í svörum frá íþróttafélögunum er ekki gert upp á milli kynja í verðlaunum eða verðlaunagripum. Eins svara félögin því að ekki sé kynjamunur á hlunnindum sem iðkendur fá. Samkvæmt svörunum allra deildanna/félaganna fara tímaúthlutanir ekki eftir kyni, heldur séu það þættir eins og getustig, aldur og stærð flokka sem hafa áhrif á tímaúthlutanir.

Niðurstöður

Þann 17. janúar síðastliðinn samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar (Hafnarfjarðarbær, 2017) að skilyrða fjárveitingar til íþróttafélaga og þeirra sem bjóða upp á tómstundaiðkun fyrir börn og unglinga. Þar kom eftirfarandi fram:

Félögin setji sér siðareglur, viðbragðsáætlanir og fræði sitt fólk um ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynferðisofbeldi. Einnig skulu sömu aðilar stofna óháð fagråd sem taki á mótí ábendingum og kvörtunum iðkenda. Þá skulu þeir sem Hafnarfjarðarbær styrkir eða gerir samninga við sýna fram á að farið sé eftir jafnréttisáætlunum og jafnréttislögum í starfi sínu og að aðgerðaráætlun sé skýr. Hafi félag ekki gert jafnréttisáætlun með aðgerðaráætlun skal það gert. Hafnarfjarðarbær hefur eftirlit með því að fyrrgreind atriði sé uppfyllt og fjárveitingar skilyrðast við.

Með þessari samþykkt bæjarstjórnar ætti að vera mikil hvatning fyrir íþróttafélög að koma sér upp jafnréttisáætlun og siðareglum. En flest öll félög/deildir eiga eftir að koma sér upp siðareglum og/eða gera þær reglur meira áberandi. Í skýrslunni kemur fram að ekki öll félög/deildir notast við jafnréttisstefnu og jafnframt kemur fram að sum félög og deildir sem að styðjast við jafnréttisstefnu fari ekki að fullu eftir þeim. Því miður virðist vera eins og að jafnréttisstefnan sé aðeins til sýnis. Ítrekað kom fram í svörum frá félögum/deildunum að það væri alveg óþarfi að fara í átaksverkefni eða gera mælingar á kynjahlutfalli iðkenda eða jafnréttisstefnunni vegna þess að það væru allir jafnir.

Það dugar ekki að hafa jafnréttisstefnu ef félag/deild telur að það þurfi ekki að styðjast við jafnréttisstefnu og nota hana sem tól/verkfæri til þess að ná fram sem mestum jöfnuði í starfi félaganna. Það verður áhugavert að sjá hvernig mál þróast og hvort að árangur náist í jafnréttismálum innan íþróttafélaga Hafnarfjarðar þar sem það á við. Í svörum frá íþróttafélögum má greina að jafnréttisfræðsla er ábótavant og má þar margt bæta. Einnig kom fram að félög hafa ekki alltaf tök á að fara á að fara í hin ýmsu átaksverkefni vegna skorts á fjármagni. Það ætti ekki að vera til fyrirstöðu fyrir félögin að halda jafnréttisfræðslu.

Það eru líka margt sem er jákvætt, æfingatímum er vel/ágætlega skipt upp á milli kynja og aldursflokka, og samkvæmt svörum frá félögum/deildunum þá fara laun ekki eftir kyni heldur reynslu og menntun og jafnt aðgengi er að endurmenntun. Félögin eru meðvituð um bæði kynin séu jafn áberandi í fræðslu- og kynningarefni sem koma frá félögum/deildunum og jafnframt er jafnræði í verðlaunum. Einnig kom fram misræmi milli kynningu deilda innan

félaga, sumar fara í skóla til þess að kynna starfið sitt á meðan aðrar telja það bannað. Það þarf að samræma aðgengi tómsunda- og íþróttafélaga að kynningu til barna í bæjarfélaginu. Jafnræði verður líka að vera í aðgengi að kynningarefni og kynningum.

Í flestum boltaíþróttum er kynjahlutfallið iðkenda um 60%/40% þar sem kvenkyns iðkendur eru í minnihluta. Það er á ábyrgð þeirra félaga að jafna það kynjahlutfall og vinna með styrkingu á kvennaflokkum félaganna. Það er jákvætt að félögin flest eru meðvituð um mikilvægi jafnréttisáætlana og að setja sér stefnu í jafnréttismálum. Sum sérgreinasamböndin viðrast halda vel utan um sín félög, eins og Frjálsíþróttasambandið með launatöflum og öðrum viðmiðum. Það þarf að styðja íþróttafélögin í því að koma á á virkum jafnréttis áætlunum. Íþróttabandlag Hafnarfjarðar, Íþrótt- og tómsundanevnd, Íþróttafulltrúa Hafnarfjarðar, ÍSí, sérgreinasamböndin og íþróttafélögin verða vinna saman að því að hvert eitt og einasta félag setji sér skýrar siðareglur og jafnréttisáætlun. Að þessum stefnum sé fylgt eftir með mælingum og áætlunum. Hafnarfjarðarbær hefur stigið fyrsta skrefið í þá átt með ákvörðun Bæjarstjórnar að setja á laggirnar óháð fagráð.

Heimildarskrá

- Badmintonfélag Hafnarfjarðar. (2009). Handbók Badmintondeildar.
http://bh.sidan.is/iw_cache/1607_bh-fyrirmyndarfelag-handbok-2009.pdf
- Badmintonsamband Íslands. (e.d.) Leiðbeinandi aga- og siðareglur.
www.badminton.is/media/files/Leiðbeinandi%20aga-%20og%20sidareglur.docx
- Barna og unglingaráð Knattspyrnudeildar FH. (2016). Handbók. http://fh.is/wp-content/uploads/2016/04/Handbok_FHUR.pdf
- Fimleikafélag Björk. (e.d.). Jafnréttisstefna. <http://fbjork.is/wp-content/uploads/2016/03/Jafnr%C3%A9ttisstefna.pdf>
- Fimleikafélag Hafnarfjarðar. (e.d.). Jafnréttisstefna FH. <http://fh.is/umfelagid/jafnrettisstefna-fh/>
- Fimleikafélagið Björk. (2015). Æfinga- og kennsluskrá, Fimleikafélagið Björk, Klifurdeild.
<http://fbjork.is/wp-content/uploads/2015/12/kensluskraklifurdeildar-1.pdf>
- Fimleikafélagið Björk. (2016). Siðareglur. <http://fbjork.is/wp-content/uploads/2016/03/Si%C3%B0areglur-felagsins.pdf>
- Hafnarfjarðarbær. (2017). Bæjarstjórn- 1798.
<https://www.hafnarfjordur.is/stjornsysla/fundargerdir/DisplayMeeting.aspx?id=1712019F>
- Íþrótt- og ólympíusamband Íslands. (e.d.A). Siðareglur. [http://isi.is/library/Skrar/throunar--og-fraedslusvid/Fraedslubaeklingar/Si%C3%B0areglur%20%C3%8D%C3%8D%20-%20Copy%20\(1\).pdf](http://isi.is/library/Skrar/throunar--og-fraedslusvid/Fraedslubaeklingar/Si%C3%B0areglur%20%C3%8D%C3%8D%20-%20Copy%20(1).pdf)
- Íþrótt- og ólympíusamband Íslands. (e.d.). Leiðavísir að mótun jafnréttisstefnu hjá íþróttafélagi.
https://issuu.com/ithrotta-ogolympiusambandislands/docs/lei__arv__sir_a__m__tun_jafnr__tti
- Íþróttabandalag Hafnarfjarðar. (e.d. a). Siðareglur.
<http://ibh.is/sites/default/files/Si%C3%B0areglur%20%C3%8DBH%20-%20endanlegt.pdf>
- Íþróttabandalag Hafnarfjarðar. (e.d.). Jafnréttisstefna.
<http://ibh.is/sites/default/files/Jafnr%C3%A9ttisstefna%20%C3%8D%C3%BEr%C3%B3ttabandalags%20Hafnarfjar%C3%B0ar%20-endanleg.pdf>
- Knattspyrnufélag Hauka. (e.d. a). Íþróttanámskrá. <http://www.haukar.is/ithrottanamsskra>
- Knattspyrnufélag Hauka. (e.d.). Jafnrétti í starfi og jafnrétti kynþátta.
<http://www.haukar.is/ithrottanamsskra-jafnretti-i-starfi-og-jafnretti-kynthatta/>
- Knattspyrnusamband Íslands. (e.d.) Fræðsla. <http://www.ksi.is/fraedsla/>
- Sundfélag Hafnarfjarðar. (e.d.) Jafnréttisstefna SH. <http://www.sh.is/id/1000442>.

Viðhengi 1

Jafnréttisúttekt

Á fundi Íþróttá- og tómstundaneftndar þann 10. nóvember var samþykkt að gerð yrði úttekt hjá íþróttafélögum í Hafnarfirði varðandi mun á þjónustu milli kynja. Ákveðið var að skoða stöðuna hjá FH, Haukum, Björkunum, SH og BH og hjá öllum deildum þessara félaga. Þessi félög fá í hendurnar spurningalista hér fyrir neðan og eru beðin um að svara honum og skila inn til íþróttafulltrúa fyrir 1. mars 2017.

Spurningalistinn sem stuðst er við er svipaður þeim sem Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar notaði við úttekt á stöðunni í Reykjavík, en stjórnir íþróttafélaga svöruðu þeim lista. Einnig verður gerð skoðun á heimasíðum þessara félaga, skoðuð verða kyngreinanleg gögn varðandi þátttöku sem aðgengileg eru í gegnum skráningar og greiðslukerfin, æfingatöflur verða skoðaðar og leitað verður eftir athugasemdum frá notendum þjónustunnar.

Með von um jákvæð viðbrögð og svörun

Fyrir hönd ÍTH

Geir Bjarnason íþróttá- og tómstundafulltrúi

Spurningar til,

Hver svarar: _____

Fjöldi iðkenda _____

✓ Er til jafnréttisstefna hjá deildinni?

- ✓ Ef hún er til, er hún aðgengileg og hvernig er staðið að kynningu á jafnréttisstefnunni meðal iðkenda, þjálfara, starfsmanna deildarinnar, starfsmanna mannvirkja og foreldra/aðstandenda þegar það á við?
- ✓ Hafa mælingar og úttektir verið gerðar í tengslum við jafnréttisstefnuna?
- ✓ Eru til siðareglur handknattleiksdeildarinnar?
- ✓ Ef þær eru til, eru þær aðgengilegar og hvernig er staðið að kynningu á siðareglunum meðal iðkenda, þjálfara, starfsmanna deildarinnar, starfsmanna mannvirkja og foreldra/aðstandenda þegar það á við?
- ✓ Er til námskrá? Ef já, er hægt að fá afrit af henni?
- ✓ Er fjallað um jafnrétti í henni?

Kynjahlutföll

- ✓ Hver eru kynjahlutföllin í starfsmannahópi handknattleiksdeildarinnar; bæði heildartala og greint niður á störf (framkvæmdastjóri, íþróttastjórar/-fulltrúar, þjálfarar, liðsstjórar, skrifstofufólk og annað starfsfólk)?
- ✓ Hvert er kynjahlutfallið í stjórnnum, nefndum og ráðum hjá handknattleiksdeildinni (stjórn, varamenn, o.s.frv.)?
- ✓ Hvernig er staðið að vali í stjórnir, nefndir og ráð hjá handknattleiksdeildinni?

Fræðsla og kjör þjálfara (og annarra starfsmanna félagsins)

- ✓ Er jafnt aðgengi þjálfara að endurmenntun?
- ✓ Er kynjamunur í launamálum hjá þjálfurum og starfsfólki?
- ✓ Hver greiðir endurmenntun eða fræðslu fyrir þjálfara? Félagið, deildin, þjálfararnir sjálfir eða aðrir?
- ✓ Er til fræðsluáætlun innan handknattleiksdeildarinnar? Ef já, vinsamlegast sendið okkur hana.
- ✓ Hefur verið boðið upp á jafnréttisfræðslu innan handknattleiksdeildarinnar af ólíkum toga, t.d. um kynjajafnrétti, hinsegin fræðslu, fræðslu um kynþáttafordóma og fordóma gagnvart fötlun?
- ✓ Hverjum hefur verið boðið upp á fræðslu ?
- ✓ Hver greiðir erindi tengda fræðslu? Félagið, deildin, þeir sem njóta fræðslunnar eða aðrir?

Kynningar

- ✓ Hvernig er kynningum á almennu starfi deildarinnar háttað og hvernig er íþróttagrein deildarinnar kynnt fyrir börnum og unglíngum?
- ✓ Hafa verið unnin verkefni, átaksverkefni, áætlanir eða annað slíkt til að jafna hlutfall kynja í starfinu hjá ykkur?
- ✓ Hvernig er staðið að vali og birtingu á myndefni hjá deildinni t.d. út frá kyni, aldri ofl.?
- ✓ Hvernig er staðið að vali og birtingu á fréttatengdu efni hjá handknattleiksdeildinni t.d. út frá kyni, aldri ofl.?

Ýmislegt

- ✓ Er jafnvægi í verðlaunum/verðlaunagripum sem iðkendur fá?
- ✓ Er kynjamunur á hlunnindum sem iðkendur fá?
- ✓ Er kynjamunur á tímaúthlutun fyrir æfingar hjá deildinni?

Annað

Eru önnur atriði tengd jafnréttismálum hjá deildinni sem þið viljið koma á framfæri? (Hér væri t.d. hægt að nefna jafnréttisstarf eða átaksverkefni sem ekki falla undir flokkana að ofan, eða aðrar hugleiðingar.)